

Skólaslit – Lög

Flugdrekinn

Vikivaki

Skólasöngur

Vinalagið

Ég á þessi föt

Samferða

Í síðasta skipti

Sokkablús

Lofsöngur – 9 ára

Flugdrekinn

Lag og ljóð: Herdís Egilsdóttir

Uppi í loftinu líta má hér
eitt listaverk skorið í gler.
Það er dreki með dansandi
glansandi stél,
sem dillar og bylgjast svo vel.

Þú ert velkominn vinur hér inn,
þú veist hér er staðurinn þinn.
Þá ljósgjafans dýrð gegnum litina fer
er söngur í sálu mér.
Þá ljósgjafans dýrð gegnum litina fer
er söngur í sálu mér.

Vikivaki

Lag: Valgeir Guðjónsson

Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylunn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
*Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!*

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.

Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.

*Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!*

Aaaa, aaaaa.

*Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!*

Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.

Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt!

*Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!*

Aaaa, aaaaa.

*Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!*

Skólasöngur

Lag og ljóð: Björk Sigurðardóttir

Samið í tilefni af 90 ára afmæli Ísaksskóla árið
2016

Með fjör í augum, framtíð bjarta,
fyrir en varir byrja

lítil börn með lungu' og hjarta'
að leika sér og spyrja.

Í skóla fá þau svör og starf,
söng og gleði skarta,

visku, dyggð og von í arf,
í veganesti' að narta.

*„Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri' og fleiri bækur.
Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri bækur.“*

Börninn ná í boltann sinn,
bjallan var' að hringja,

úr frímínútum flykkjast inn
og fara svo að syngja.
Þau langar til að líða vel,
lesa, skrifa' og reikna,
fá vinskapa, hlýju' og vinabel,
í vinnubækur teikna.

*„Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri' og fleiri bækur.
Lífið er eins og lækur sprækur,
lesum fleiri bækur.*

Já, lífið er eins og ...“

Vinalagið

Lag og ljóð: Hallur Ingólfsson

Taktu eftir sólinni
hvað hún er björt, hvað hún er hlý.
Taktu eftir ströndinni
þar er hægt að hlaupa og leika sér,
byggja kastala með þér.
Ég fann litla skel sem ég ætla að gefa þér.

Taktu eftir vindinum
hann er svo hressandi, svo mikill
prakkari.
Taktu eftir gróðrinum
sem vex til verndar dýrunum
uppfullur af ávöxtum.
Ég fann lítið ber sem ég ætla að gefa þér.

*Allt væri þetta venjulegt,
bara sandur, sól og tré
en mér finnst þetta stórkostlegt
af því ég er með þér.*

Þannig er vináttan,
hún er björt og hún er hlý
byggir lítinn kastala
til að hlaupa og leika í

verndar, vex er hressandi.
Ég er með svolítið hér sem ég ætla að gefa
þér.

Taktu eftir brosinu
ég veit, þú veist.
Taktu eftir traustinu
sem færir okkur ævintýr
ávexti og strönd og dýr.
Hver einasti það sér, ég er örugg hér með
þér!

*Allt væri þetta venjulegt,
bara sandur, vindur, tré
en mér finnst þetta stórkostlegt,
af því ég er með þér.*

*Allt væri þetta venjulegt,
bara sandur, sól og tré
en mér finnst þetta stórkostlegt
af því ég er með þér.*

Ég á þessi fót

Lag: Atli Heimir Sveinsson

Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Buxur, vesti, brók og skó,
bætta sokka, nýta,
húfutetur, hálsklút þó,
háleistana hvíta.

Samferða

Lag og ljóð: Magnús Eiríksson

Opna dyr upp á gátt
til að bjóða mína sátt.
Það sem einu sinni var,
það getur lifnað við á ný.

Annað líf, enginn veit,
endalaus er okkar leit.
Ef þú átt aðeins þetta líf
er betra að fara að lifa því.

*Samferða, öll við erum samferða.
Hvert sem liggur leið,
gatan mjó og breið,
torfær eða greið.*

Viltu ganga um mínar dyr?
Verst ég opnaði ekki fyrr
en ég veit að enn er hægt
að biðja um meiri og betri byr.

Í síðasta skipti

Lag og ljóð: Pálmi Ragnar Ásgeirsson, Ásgeir Orrri
Ásgeirsson og Sæþór Kristjánsson

Ég man það svo vel,
manstu það hvernig ég sveiflaði þér,
fram og til baka í örmunum á mér.
Ég man það, ég man það svo vel.

Því þessar minningar, minningar,
kvelja mig, kvelja mig.
Gerðu það, leyf mér að leiða þig.

*Í síðasta skipti,
haltu í höndina á mér og ekki sleppa.
Sýndu mér aftur hvað er að elska.
O-o-o-o, segðu mér
að þú finnur ekkert og enga neista,*

*og slokknað í þeim glóðum sem
brunnu heitast.
Þá rata ég út.*

Ég man það svo vel,
manstu það hvernig þú söngst alltaf með.
Hver einasta bílferð sem tónleikar með
þér.
Ég man það, ég man það svo vel.

Því þessar minningar, minningar...

Í síðasta skipti...

Sokkablús

Lag og ljóð: Auður Guðjohnsen

Ég vaknaði í morgun
(ég vaknaði í morgun)
við gargið í klukkunni
(við gargið í klukkunni).
Mig langaði' ekki' á fætur
(Mig langaði' ekki' á fætur),
bara vera' undir sænginni
(bara vera' undir sænginni).

Ég fór allt of seint að sofa þótt ég væri
búinn að lofa að drífa mig háttinn í.

Það vantar samstæða sokka
(samstæða sokka)!
Ég tómu tjóni' er í
(Ég tómu tjóni' er í!)
Það vantar samstæða sokka
(samstæða sokka)!
Ég tómu tjóni' er í
(Ég tómu tjóni' er í!)!

Í endalausum basli við að leita'
í þessu drasli og skil ekki neitt í því!

Tókst loks að finna leppa
(Tókst loks að finna leppa).

sem líktust sokkum tveim
(sem líktust sokkum tveim).
Buxunum reyndi' að hneppa
(Buxunum reyndi' að hneppa),
en þá var gat á þeim
(en þá var gat á þeim)!

Ég fór allt of seint að sofa þótt ég væri búinn
að lofa að drífa mig háttinn í.

Það vantar samstæða sokka
(samstæða sokka)
Ég tómu tjóni' er í
(Ég tómu tjóni' er í)
Það vantar samstæða sokka
(samstæða sokka)
Ég tómu tjóni' er í
(Ég tómu tjóni' er í)

Í endalausum basli við að leita'
í þessu drasli og skil ekki neitt í því!